


## Siglum við sofandi að feigðarósi?

Heilabilun er samheiti yfir nokkra sjúkdóma sem herja á heilann. Einkenni heilabilunar eru margvísleg en þau helstu eru minnisleysi, ruglingur og erfiðleikar með tal og að skilja mælt mál. Langalgengasta tegund heilabilunar er Alheimerssjúkdómurinn en vissulega eru til aðrar tegundir heilabilunar, svo sem æðaheilabilun og Lewy Body heilabilun ásamt fleiri tegundum (Alzheimer's Society, 2013a). Því miður er of lítið til af gögnum á Íslandi til þess að gera ítarlegar greiningar á sjúkdómnum þrátt fyrir fyrirheit frá Landlækni í viðtali frá því á síðasta ári (Svava Aradóttir, 2012). Sökum þess þarf að notast við heimildir frá öðrum löndum þar sem mikil vinna hefur verið lögð í að kortleggja sjúkdóminn.

Á vef Hagstofunnar má finna gögn um mannfjöldapróun fram til ársins 2061 (Hagstofan, 2013a). Í töflu 1 má sjá hvernig mannfjöldaspá (lág- og hágildi) kemur til með að þróast fram til ársins 2040. Ljóst er af þessum tölum að Íslendingum kemur til með a fjölga um á bilinu 17-31% frá 2013 til 2040.


Tafla 1: Spá um mannfjölda eftir kyni og aldri 2013-2040. Heimild: Hagstofan



Spá um mannfjölda eftir kyni og aldri 2013-2040		
	Lágspá	Háspá
2013	321.857	321.857
2020	340.418	346.279
2030	361.853	385.405
2040	376.580	422.047

Mynd 1: Mannfjöldaspá fyrir Ísland 2013 – 2040. Heimild: Hagstofan

Heilabilun byrjar að öllu jöfnu ekki að hrjá fólk fyrr en það er komið á seinni ár og er byrjað að tala um algengi heilabilunar hjá þeim einstaklingum sem eldri eru en 65 ára (Í þessari greiningu verður unnið með hópinn 67 – 80 ára og svo 80 ára og eldri). Hægt er að skoða mannfjöldapróunina eftir aldursbili og liggur því beinast við að skoða þá tvo hópa sem líklegastir eru til þess að verða greindir með heilabilun. Mynd 1 sýnir fjölgunina á einstaklingum á annarsvegar aldursbilinu 65-80 ára og svo hins vegar þeim sem eru eldri en 80 ára frá árinu 2013 til 2040.



Mynd 1: Próun fólksfjölda í 67-80 ára hóp og hóp eldri en 80 ára. Heimild: Hagstofan

Tafla 2: Há og lágspá um fjölda 67-80 ára og 80 ára og eldri einstaklinga á Íslandi. Heimild: Hagstofan

	67 - 80 ára		80 ára +	
	Lágspá	Háspá	Lágspá	Háspá
2013	24.356	24.356	11.646	11.646
2020	32.441	32.463	12.947	12.947
2030	44.704	44.835	18.493	18.519
2040	48.586	48.975	28.332	28.412

Samkvæmt þessum tölum má sjá að fjölgun einstaklinga frá 2013 - 2040 í hópnum 67-80 ára verður á bilinu 99-101% og 143-144% í hópnum 80 ára og eldri. Til samanburðar má nefna að fjölgun einstaklinga frá 2013 - 2040 í hópnum 50-67 ára verður á bilinu 23-28%. Því er ljóst að íslenska þjóðin er að eldast og er vert að hafa miklar áhyggjur af því í samhengi við heilabilun því eins og kom fram hér að framan eykst algengi þessa sjúkdóms eftir því sem einstaklingurinn er eldri.


Tölur um algengi heilabilunar eru svolítið á reiki en algengt er að miðað sé við að um 7% einstaklinga á aldrarsbilinu 67-80 ára þjáist af einhvers konar heilabilun og 20-25% þeirra einstaklinga sem eldri eru en 80 ára (Alzheimer föreningen Sverige, 2012). Eins og áður hefur komið fram er gagnaöflun og skráningu á fjölda heilabilaðra ábótavant á Íslandi svo notast verður við gögn frá Hagstofunni ásamt tölum um algengi til þess að áætla fjölda einstaklinga með heilabilun á árunum 2013, 2020, 2030 og 2040. Í töflu 1 og 2 má sjá áætlaðan fjölda heilabilunarsjúklinga á Íslandi (ákveðið var að gera greininguna með algengi á bilinu 5-9% fyrir aldurshópinn 67-79 ára og á bilinu 20-25% fyrir aldurshópinn 80 ára og eldri til þess að fá nokkrar mögulegar niðurstöður). Séu miðtölurnar notaðar

(7% og 22,5%) fáum við út að heildarfjöldi heilabilunarsjúklinga er alls 4.325. Ljóst er að þetta er umtalsverður fjöldi á íslenskan mælikvarða, til samanburðar má benda á að fólksfjöldinn í Vestmannaeyjum var rúmlega 4.200 manns í febrúar á þessu ári (Hagstofan, 2013b).

Tafla 1: Fjöldi 67-80 ára fólks með heilabilun. Heimild: Hagstofan

	Lágspá 5%	Háspá 5%	Lágspá 7%	Háspá 7%	Lágspá 9%	Háspá 9%
2013	1.218	1.218	1.705	1.705	2.192	2.192
2020	1.622	1.623	2.271	2.272	2.920	2.922
2030	2.235	2.242	3.129	3.138	4.023	4.035
2040	2.429	2.449	3.401	3.428	4.373	4.408

Tafla 1 sýnir að fjöldi einstaklinga með heilabilun í aldurshópnum 67-80 ára árið 2013 er áætlaður á milli 1.218 og 2.192 einstaklingar. Árið 2020 verður áætlaður fjöldi á bilinu 1.622 til 2.922, árið 2030 verður fjöldinn á bilinu 2.235 og 4.035 og loks árið 2040 verður fjöldinn á bilinu 2.429 til 4.408.




Mynd 2: Fjöldi 67-80 ára einstaklinga með heilabilun. Heimild: Hagstofan

Á Mynd 2 má sjá að einstaklingum í þessum hópi kemur til með að fjölga nokkuð snarpt fram til 2030, en eftir það hægir á fjölguninni.

Tafla 2: Fjöldi 80 ára og eldri einstaklinga með heilabilun. Heimild: Hagstofan

	Lágspá 20%	Háspá 20%	Lágspá 22,5%	Háspá 22,5%	Lágspá 25%	Háspá 25%
2013	2.329	2.329	2.620	2.620	2.912	2.912
2020	2.589	2.589	2.913	2.913	3.237	3.237
2030	3.699	3.704	4.161	4.167	4.623	4.630
2040	5.666	5.682	6.375	6.393	7.083	7.103

Tafla 2 sýnir að fjöldi 80 ára og eldri einstaklinga með heilabilun er áætlaður á bilinu 2.329 til 2.912. Árið 2020 verður fjöldinn á milli 2.589 og 3.237. Árið 2030 verður fjöldinn á milli 3.699 og 4.630 og svo loks árið 2040 verður fjöldinn á bilinu 5.666 og 7.103.



Mynd 3: Fjöldi fólks með heilabilun 80 ára og eldri. Heimild: Hagstofan

Mynd 3 sýnir aftur á móti uggvænlegri þróun því fjölgun einstaklinga 80 ára og eldri hækkar töluvert frá 2020 til 2030 en síðan verður sprenging í fjölguninni frá 2030 til 2040. Þetta er frekari staðfesting á því að heilabiluðum á eftir að fjölga mikið á næstu áratugum.

Tafla 3: Hlutfall fólks með heilabilun sem hlutfall af fjölda Íslendinga. Heimild: Hagstofan og útreikningar höfundar

	Heildarfjöldi Íslendinga. (Hagstofan, 2013a) (Miðspá)	Heildarfjöldi heilabilaðra. Lægsta	Heildarfjöldi heilabilaðra Hæsta	Hlutfall af heildarfjöldi Lægsta	Hlutfall af heildarfjöldi Hæsta
2020	342,716	4,211	6,158	1.2%	1.8%
2030	371,796	5,934	8,665	1.6%	2.3%
2040	395,866	8,096	11,511	2.0%	2.9%

Tafla 3 sýnir áætlaðan heildarfjölda fólks með heilabilun sem hlutfall af íslensku þjóðinni. Þessar tölur benda til þess að hlutfall þessa hóps af allri þjóðinni verði á bilinu 1,2-2,9% sem hlýtur að teljast áhyggjuefni sökum þess hve mikla umönnun þeir einstaklingar sem hafa langt gengna heilabilun

þurfa. Dönsku Alzheimerssamtökin telja að heildarfjöldi einstaklinga 60 ára og eldri með heilabilun verði 155.000 árið 2040 (Alzheimer foreningen, e.d.). Sé þeirri tölu deilt í heildarfjölda Dana árið 2040 (Statistics Denmark, e.d.) fæst út að 2,5% dönsku þjóðarinnar koma til með að þjást af heilabilunarsjúkdómum. Í Bretlandi er svipaða sögu að segja, en gögn þaðan benda til þess að 2-2,5% bresku þjóðarinnar muni þjást af einhverskonar heilabilun árið 2041 (Alzheimer's Society, 2013b; Office for National Statistics, 2011). Þessi samanburður við Danmörku og Bretland benda til þess að útreikningar höfundar séu nærri lagi.

Tvenns konar kostnaður kemur til með að falla á samfélagið sökum þessarar miklu fjölgunar sem kemur til með að verða á fólki með heilabilun. Beinn kostnaður sem fellur á heilbrigðiskerfið þegar þessir einstaklingar þurfa varanlega vistun á hjúkrunarheimili eða dagvistun. Óbeini kostnaðurinn kemur síðan til með að falla á íslenska efnahagskerfið í heild sinni með þeim hætti að vinnufærir einstaklingar sem greinast með heilabilun þurfa annaðhvort að hætta að vinna eða stórlega draga úr vinnuframlagi. Jafnframt kemur óbeinn kostnaður til með að falla þegar barn/börn/makar einstaklinga með heilabilun þurfa annaðhvort að draga úr vinnuframlagi eða yfirgefa vinnumarkaðinn til að annast veikan fjölskyldumeðlim. Annar þáttur sem vert er að minnast á er að einstaklingar með heilabilun þurfa mikla umönnun hjá faglærðu fólki. Skortur á þessu faglærða fólki gæti einnig orðið að miklu vandamáli þegar fjölgunar á fólki með heilabilun fer að verða vart.

Sú spurning sem brýnt er að svara er hvað gera á við þetta fólk sem kemur til með að greinast með heilabilun? Lítil sem engin vinna hefur átt sér stað hjá yfirvöldum við að mæta þeim mikla vanda sem þessi fjölgun mun að hafa á íslenskt samfélag, svo siglum við kannski sofandi að feigðarósi?

Birgir Óli Sigmundsson

Heilsuhagfræðingur og ráðgjafi hjá

Curo Consulting Ltd, Englandi

## Heimildir

Alzheimer foreningen (e.d.). *Fakta om demens*. Sótt 28.08.2013 frá:

<http://www.alzheimer.dk/viden/fakta-om-demens>

Alzheimer föreningen Sverige (28.08.2012). *Alzheimers sjukdom*. Sótt 28.08.2013 frá:

[http://www.alzheimerforeningen.se/alzheimers.php?select=meny2\\_1](http://www.alzheimerforeningen.se/alzheimers.php?select=meny2_1)

Alzheimer's Society (2013a). *Types of dementia*. Sótt 28.08.2013 frá:

<http://www.alzheimers.org.uk/site/scripts/documents.php?categoryID=200362>

Alzheimer's Society (2013b). *Dementia 2013 infographic*. Sótt 26.08.2013 frá:

<http://www.alzheimers.org.uk/infographic>

Hagstofan. (22.08.2013a). *Spá um mannfjölda eftir kyni og aldri 2013-2061*. Sótt 28.08.2013 frá:

<http://www.hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN09010%26ti=Sp%E1+um+mannfj%F6lda+eftir+kyni+og+aldri+2013%2D2061%26path=../Database/mannfjoldi/mannfjoldaspa2010/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Hagstofan. (12.02.2013b). *Mannfjöldi eftir þéttbýlisstöðum, kyni og aldri 2011-2013*. Sótt 27.08.2013 frá:

<http://www.hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN03105%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+%FE%E9ttb%FDlisst%F6%F0um%2C++kyni+og+aldri+2011%2D2013%26path=../Database/mannfjoldi/Byggdakiarnar/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Office for National Statistics. (26.10.2011). *National Population Projections, 2010-Based Projections*.

Sótt 26.08.2013 frá: <http://www.ons.gov.uk/ons/publications/re-reference-tables.html?edition=tcm%3A77-229866>

Svava Aradóttir. (2012). Þetta brennur á Geir Gunnlaugssyni, landlækni. FAAS fréttir. 2. tbl. 10. árg. Bls. 24-25.

Statistics Denmark. (e.d.). *Population projections*. Sótt 28.08.2013 frá:

<http://www.dst.dk/en/Statistik/emner/befolkning-og-befolkningsfremskrivning/befolkningsfremskrivning.aspx>